

REGLUGERÐ

um bann við öllum togveiðum á Selvogsbanka

1. gr.

Frá og með 18. maí 1994 eru allar veiðar með fiskibotn- og humarvörpu bannaðar á svæði á Selvogsbanka sem markast af eftirtöldum punktum:

1. 63°33'N - 22°00'V
2. 63°30'N - 21°30'V
3. 63°20'N - 20°52'V
4. 63°12'N - 20°52'V
5. 63°16'N - 21°30'V
6. 63°21'N - 21°30'V
7. 63°25'N - 22°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. maí 1994.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.